

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-62/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 17. ágúst 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sófa af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að sófinn sé haldinn galla og krefst riftunar á kaupunum auk skaðabóta.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi festi kaup á svefnsófa af gerðinni Torso af seljanda þann 20. september 2016 fyrir 149.925 krónur. Mjög fljótlega eftir kaupin fóru að myndast för í sófanum eftir setu í honum og myndaðist í kjölfarið bil á milli púða í sófanum. Þar sem bilin milli púðanna voru dýpst var setið á trébita í grind sófans en ekki á pullunni að sögn álitsbeiðanda. Einnig var rennurauf fyrir hjól á svefneiningu sófans léleg að sögn álitsbeiðanda og dettur í sífellu úr brautinni sem hún er dregin eftir þegar svefneiningin er dregin úr sófanum. Varð það þess valdandi að sófadýnan og lak á henni rifnuðu illa þegar verið var að draga svefneininguna út. Var sófinn raunar aðeins nothæfur í um það bil mánuð eftir kaupin að sögn álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi kveðst einnig hafa orðið fyrir líkamlegu tjóni vegna verkja í rófubeini eftir að hafa setið í sófanum. Auk þess segir álitsbeiðandi að sófinn hafi valdið slysi þegar „beddinn datt af hjólabrautum í sömu andrá og verið var að koma honum fyrir í rúmstöðu svo fingurinn lenti með látum á milli stuðnings stanga beddans í uppréttri stöðu“. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og seljanda verði gert að greiða henni skaðabætur vegna þess tjóns sem galli sófans hefur valdið.

Hinn 16. desember 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem nefndin benti henni á að nefndin hefði þegar gefið út álit í sama ágreining þann 26. júní 2018 í máli nr. 2/2018. Var í álitinu fallist á að sófinn væri haldinn galla og að áliti kæruneftndarinnar bar seljanda að greiða álitsbeiðanda skaðabætur að fjárhæð 50.000 krónur. Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og engar skýringar liggja fyrir um ástæðu þess að álitsbeiðandi hefur borið málið aftur undir nefndina.

Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að

nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitserð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsergjafar.

Líkt og að framan greinir hefur nefndin þegar gefið út álit í sama ágreining með álit nr. 2/2018 þar sem fallist var á kröfu álitserbeiðanda að hluta. Kæruneftin fær ekki séð af álitserbeiðni eða framlögðum gögnum að niðurstaða nefndarinnar verði önnur með nýju álit frá nefndinni vegna kaupa á umþrættum sófa. Þá hefur álitserbeiðandi ekki sent nefndinni upplýsingar um ástæðu þess að málið er borið aftur undir nefndina eða óskað eftir endurupptöku málsins af tilgreindri ástæðu.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitserbeiðni þessari frá.

#### IV

#### Álitserorð

Álitserbeiðni álitserbeiðanda, X, er vísað frá kæruneftin lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson